



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um leikskólann Sælukot

Á fundi borgarráðs, 15. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um leikskólann Sælukot sem er einkarekinn leikskóli. Reykjavíkurborg gerir samninga við einkarekna leikskóla sem greiða sér arð á sama tíma og þeir þiggja fé frá borginni. Nýlega kom út skýrsla innri endurskoðunar um sjálfstætt starfandi leikskóla. Innri endurskoðun birtir í skýrslunni ábendingar til nokkurra leikskóla út frá ákveðnu áhættumati. Í skýrslunni kemur fram að mánaðargjald vegna barna 18 mánaða og yngri er hærra en heimilt er hjá Sælukoti og að hámarksstuðull sem á að vera 2,15 er á bilinu 2,37-2.63, mismunandi eftir dvalartíma og flokki. Gjaldskráin er því frá 6.764 kr. til 9.312 kr. hærra á mánuði en heimilt er. Áhættuflokkun er rauð sem þýðir mikil áhætta og ábending er um að athuga eigi með endurgreiðslu. Fulltrúi Flokks fólksins óskar nánari upplýsinga um þennan leikskóla. Í hversu mörg ár hafa stjórnendur greitt sér arð og hversu háan? Hefur verið gerð úttekt á leikskólastarfinu, þ.e. hvort það standist kröfur sem gerðar eru til aðstæðna þar sem börn dvelja daglangt 5 daga vikunnar? Hefur verið gerð ánægjukönnun meðal foreldra? Hvert er hlutfall fagmenntaðra starfmannna? Hvernig er mönnun háttad? (Síðustu 2-3 ár). Hvernig er almennur aðbúnaður barna og starfsfólks? Starfsmannavelta? Hvernig líður börnunum?

Svar:

Skóla- og frístundasvið fyrir hönd Reykjavíkurborgar hefur gert þjónustusamninga við átta einkahlutafélög um framlög vegna leikskólalássa. Aðrir samningar hafa verið við félagasamtök. Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningum hafa arðgreiðslur einkahlutafélaganna samtals numið 179.030.000 á tímabilinu 2017 til 2021. Leikskólinn Sælukot er ekki rekinn sem einkahlutafélag og er því ekki skráður með arðgreiðslur.

Framundan er heildarendurskoðun á samningum borgarinnar við sjálfstætt starfandi leikskóla sem renna út um næstu áramót.

Sérfræðingar skóla- og frístundasviðs fara árlega í eftirlit í alla sjálfstætt starfandi leikskóla Reykjavíkurborgar. Áður en farið er í eftirlitið er óskað eftir gögnum frá leikskólunum þar sem stjórnendur þurfa m.a. að svara rafrænni könnun um öryggismál, foreldrasamstarf og faglegt starf. Þegar gagnaöflun er lokið er farið í heimsókn í leikskólann þar sem eftirlitsaðilar fara í fylgd með stjórnendum um húsnæðið til að skoða aðbúnað og starf á deildum. Niðurstöður árlegs eftirlits í leikskólanum Sælukoti undanfarin ár, bæði hvað varðar skil á gögnum sem og eftirlitsheimsóknir, hafa sýnt að rými, aðbúnaður og aðstaða bæði starfsfólks og barna er í lagi.



Vert að hafa í huga að þessi gögn gefa aðeins vísbendingar um starfið en eru ekki ítarleg úttekt eða gæðamat.

Veturinn 2021-2022 fóru sérfræðingar sviðsins í fjórar eftirlitsferðir til viðbótar við árlegt eftirlit til að kanna aðbúnað og líðan barna. Þær heimsóknir sýndu að öryggi var í lagi og að börnunum virtist líða vel. Helst mátti gagnrýna að ekki var faglærður leikskólastjóri í fullu starfi. Þrátt fyrir þá niðurstöðu að öryggi og líðan barna væri í lagi, var ákveðið að ytra mat yrði gert á leikskólanum að nýju en ytra mat var gert á leikskólanum 2016 út frá gæðaviðmiðum um leikskóla, sjá gæðaviðmið [hér](#). Í [skýrslu ytra mats 2016](#) voru gerðar athugasemdir og í kjölfar þeirra gerði leikskólinn áætlun um umbætur. Ákveðið var að ytra mat yrði framkvæmt aftur til að leggja mat á faglegt starf og veita yfirlit yfir núverandi stöðu mála. Fyrirtækið Geta gæði, sem sérhæfir sig í ytra mati í skólum og leikskólum var fengið til að framkvæma matið og fór það fram í desember 2022 - janúar 2023. [Skýrsla](#) Getu gæða um ytra mat í Sælukoti var kynnt í skóla- og frístundaráði 20. mars 2023. Í kjölfar ytra mats 2023 hefur Sælukot fengið kynningu á niðurstöðum matsins auk þess að fá upplýsingar frá fagskrifstofu leikskólamála um að gert sé ráð fyrir að í umbótaáætlun/starfsáætlun leikskólans árin 2023-2026, sem skilað er ár hvert til fagskrifstofu leikskólamála, verði lögð áhersla á þætti sem komu fram að væru tækifæri til umbóta í ytra mati Sælukots 2023.

Send er viðhorfskönnun til foreldra annað hvert ár bæði hjá borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum og er þar á meðal foreldrar barna í Sælukoti. Niðurstöður viðhorfskönnunar 2021 liggja fyrir en nýlega var foreldrum send ný viðhorfskönnun.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna í Sælukoti hefur farið hækkandi undanfarin misseri. Hér má sjá upplýsingar um fjölda fagmenntaða starfsmanna samkvæmt upplýsingum skrifstofu skóla- og frístundasviðs:

Október 2020 er faghlutfall fagmenntaðra 13%

Október 2021 er faghlutfall fagmenntaðra 15%

Október 2022 er faghlutfall fagmenntaðra 33%

Janúar 2023 er faghlutfall fagmenntaðra 25%

Samkvæmt upplýsingum skrifstofu skóla- og frístundasviðs er fjöldi starfsfólks undanfarinna ára breytilegur, hefur starfshlutfall starfsfólks væntanlega áhrif á fjöldann.